


Vorahnung - Fyrirboði

Marina Colda sópran

Julia Tinhof píanó

Sönglög og píanóverk eftir
Victor Urbancic

Vín, 1903 – Reykjavík, 1958



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 11. júlí 2023 kl. 20:30

Efnisskrá

Vorabend - Kvöldið áður 1919
Ludwig Uhland, 1787–1862

Elisabeth, I – III 1936
Hermann Hesse (breytt), 1877–1962

Mouvement de Valse - Esquisse miniature
fyrir píanó 1923

Freundliche Vision - Heiðrík sýn 1920
Julius Bierbaum, 1865–1910

...

Ebene im Vorfrühling - 1924
Slétta í vorbyrjun
Melitta Grünbaum (Urbancic), 1902–1984

Frühlingsregen - Vorregn 1921
Hans Bethge, 1876–1946

Caprices mignons - Tilbrigði við barnalag
fyrir píanó 1922

Vision der Schönheit - Fegurðarsýn 1919
Enskur texti Geoffrey Sephton,
þýðing á þýsku M. Pokorny

...

<i>Sternenglanz - Stjörnugljái</i>	1918
Minna Urbantschitsch, 1873–1943 föðursystir Victors	
<i>Über die Heide - Yfir heiðina</i>	1919
Theodor Storm, 1817–1888	
<i>Fallendes Laub - Fallandi lauf</i>	1919
Minna Urbantschitsch	
<i>Vorahnung - Fyrirboði</i>	1920
Eduard Mörike, 1804–1875	
...	
<i>Sonne wirst Du trinken -</i>	1919
„ <i>Sólarveigar senn munt teiga þú</i> “	
Eva von Collani, Björn Franzson þýddi á íslensku	
<i>Traurige Weisheit - Dapurleg vitund</i>	1921
Hans Bethge	
<i>Glocken - Klukkur</i>	
Conrad Ferdinand Meyer, 1825–1898	

Austurríska sópransöngkonan **Marina Margaritta Colda** stundaði söng- og söngkennaranám við Tónlistarháskólann í Vín. Hún hefur sungið hlutverk *Marie í Grúezi – Der Wilde Mann* eftir Robert Stolz með Ensemble Mutz (Musiktheater Zürich), *Adele í Leðurblökunni* eftir Johann Strauss með Ensemble Oper@Tee, *Gretel í Hänsel und Gretel* eftir Engelbert Humperdinck hjá Oper in der Krypta. Einnig hefur hún komið fram í leiksýningum í Theater in der Josefstadt sem *Jugend í Der Bauer als Millionär* eftir Ferdinand Raimund og *Nannett í Das Mädl aus der Vorstadt* eftir Johann Nestroy í Schlossspiele Kobersdorf. Síðast kom hún fram sem *Rita* í óperettunni *Die Rose des Kaisers* eftir Paul Hertel í Theater Center Forum í Vín.

Undanfarin ár hefur hún sérstaklega kynnt sér og flutt lög eftir kventónskáld, meðal annars Fanny Hensel, Clara Schumann, Amy Beach, Cecile Chaminade og sérstaklega Pauline Viardot. Hún söng úrval af þeim á sýningunni *Musica Femina* í Orangerie Schönbrunn. Geisladiskurinn „Vorahnung“, með sönglögum Victors Urbancic í flutningi hennar og Juliu Tinhof kom út hjá Gramola útgáfunni í Vínborg í vor.

Julia Tinhof píanóleikari er fædd í Vín. Hún stundaði píanónám hjá Lazar Berman við Franz Liszt tónlistarháskólann í Weimar í Þýskalandi. Síðan 2004 hefur hún kennt píanómeðleik við Tónlistarháskólann í Vín þar sem hún leggur aðaláherslu á ljóðasöng. Hún hefur leitað sérstaklega eftir handritum austurrískra kventónskálda í samvinnu við tónlistarsafn austurríska ríkisbókasafnsins og einnig vinnur hún að því að vekja upp minningu austurrískra tónskálda sem flæmdust burtu vegna uppgangs nasismans. Þannig varð geisladiskurinn *Exiles* til árið 2006 með sópransöngkonunni Judith Kopecky. Kynning þessara sérstöku efnisskráa um gervalla Evrópu, allt frá *Myrkum Músíkdögum* á Íslandi, *Happy New Year* í Wieselburg í Austurríki, minningartónleikum um frelsun Mauthausen í austurríska þinghúsinu - allt til Aþenu, þar sem hún frumflutti verk blindu samtímakonu Mozarts, Maria Theresia von Paradis.

Julia hefur leikið og stjórnað tónlistarflutningi við ýmsar leiksýningar, til dæmis Theater Spielraum við Bisamberger Schlossfestspiele, Wiener Volkstheater í *Hin und Her* eftir Ödön von Horvath með tónlist eftir Hans Gál og í *Alma* eftir Paulus Manker, Sanatorium Purkersdorf.